



Faghópur I

Fundargerð 1. fundar

Iðnaðarráðuneytinu 8. jan. 2009, kl. 8:30

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, form., Anna Dóra Sæþórsdóttir, Brynhildur Davíðsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Haraldsson, Sveinn Runólfsson, og Helga Barðadóttir sem skrifaði fundargerð.

Forföll:

Fundarfrásögn:

1. Fram kom að fulltúrar í faghópnum hafa víðtækan bakgrunn úr stjórnsýslu, ferðapjónustu, landbúnaði, umhverfismálum og háskólasamfélaginu.
2. Formaður kynnti **sögu rammaáætlunar og starfið** framundan: **sjá meðf. glæsur.**
3. Setti formaður fram þá hugmynd að gagnlegt gæti verið að **leita til þeirra sem tóku þátt í faghópi II í 1. áfanga**, einkum þegar kæmi að einkunargjöfinni sjálfri
4. Í 2. áfanga **er stærsta breytingin frá 1. áfanga** sú að verndargildi skal gert jafn hátt undir höfði og nýtingu, sem mun óneitanlega setja mark sitt á vinnuna. Einnig skal horft til sjálfbærni.
5. Skýr krafa er um að unnið verði með hagsmunaaðilum og komið á **samráðsvettvangi** við þá.
6. Ekki er hefur enn verið ákveðið með hvaða hætti rammaáætlun verður gefin **formleg staða**, en rætt um að leggja áætlunina með einhverjum hætti fyrir Alþingi.
7. Fram kom að **helstu vandamál** vinnunnar við 1. áfanga var skortur á gögnum og ljóst að sömu vandamál verða uppi á borðum við vinnuna framundan hvað varðar ferðamennsku og hlunnindi sérstaklega. Lýstu fundarmenn því yfir að bagalegt væri að tíminn frá lokum 1. áfanga hefði ekki verið nýttur til rannsókna, þar sem það hefði legið ljóst fyrir að mikil vöntun væri á gögnum. Þó hefur rannsóknarmiðstöð ferðamála við Háskólann á Akureyri sinnt þessum málum nokkuð. Útgefnar skýrslur miðstöðvarinnar má sjá á heimasíðunni: <http://www.fmsi.is/>
8. Ákveðið hefur verið að **nota sömu aðferðafræði/matsaðferðir** við flokkun svæða og notuð var í 1. áfanga. Nokkur umræða varð um aðferðafræði almennt og ljóst að vegna þess hve hratt verður unnið eru engir möguleikar til að þróa nýja aðferðafræði, en vinnu faghópa skal vera lokið fyrir 1. okt. 2009. Vegna þessa knappa tíma er ólíklegt að hægt verði að setja

ákveðna krónutölu á verðmætin, framsetningin verður því að öllum líkindum „relatív“.

9. **Hlutverk faghóps II. Að** skilgreina viðföng með tilliti til ferðamennsku, útivistar, landbúnaðar og hlunninda og mæla eða meta gildi þeirra, einnig skal meta áhrif framkvæmdar á þessi verðmæti og bera saman virkjanakosti.

Mat á verðmætum: heildareinkunn svæðis fyrir verðmæti, vegin með vogtölum viðfanga

Mat á áhrifum: heildareinkunn svæðis fyrir áhrif, vegið eftir vogtölum viðfanga

Við endanlega röðun þyrfti að huga að eftirfarandi: heildarverðmæti svæðis, heildaráhrif framkvæmda, áhætta sem tekin er með á framkvæmd stendur, sérstakt mikilvægi svæðisins.

Verðmæti landslags – aðferðafræðin ekki til, en þyrfti í raun að vinna þetta frekar og væri gagnlegt fyrir verkefnið að fá kynningu á verkefni HÍ um flokkun landslags.

Líklegt að einhverjir fyrirvarar verði á niðurstöðum faghópsins vegna skorts á gögnum.

Tengsl við vinnu hinna faghópanna, sérstaklega hóp III, þarf að skoða, sérstaklega þar sem skörun getur orðið á umfjöllun um ferðamál og landbúnað/hlunnindi sem atvinnuvegi, en þeir málaflokkar eru einnig til umfjöllunar í faghópi III.

10. **Vefur rammaáætlunar** er í vinnslu og verður opnaður fljótlega.

11. Á fundinum komu fram **tillögur** um eftirfarandi:

- Fá kynningu á verkefni um flokkun landslags.
- Fá Þóru Ellen til að kynna aðferðafræðina.
- Fá kynningu á verkefni um „Ferðareikninga“
- Athugað með möguleika á vettvangsferðum dagskrá slíkra ferða þyrfti að liggja fyrir fljótlega. Áhersla lögð á að funda með hagsmunaaðilum á viðkomandi svæði.

12. **Fundafyrirkomulag**: Fundað verður á fimmtudagsmorgnum kl. 8:30-10:30 í iðnaðarráðuneyti, að jafnaði á tveggja vikna fresti. Dagskrá funda: sjá meðfylgjandi.

Næsti fundur: 29. jan. kl. 8:30-10:30

Dagskrá funda vor 2009:

29. jan.

12. feb.

26. feb.

12. Mars

26. Mars

2. Apríl

16. Apríl

30. Apríl

14. Maí

28. Maí

11. Júní

25. júní